

Alþingi
Erindi nr. P 141/270
komudagur 31.10.2012



Nefndarsvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 31. okt. 2012

Umsögn Samiðnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/2003.

Samiðn telur að með frumvarpinu sé verið að bæta réttarstöðu starfsfólks sem starfar hjá fyrirtækjum sem hafa starfsemi í öðrum löndum, en þau hafa staðfestu í þeim tilfellum þegar fyrirtæki verða gjaldþrota eða vanhöld eru á kjarasamningsbundnum réttindum s.s. orlofi. Hins vegar vill Samiðn vekja athygli á orðalagi í fyrstu grein frumvarpsins er þar er talað um ”að jafnaði” sem er nokkuð óljóst hvað þýðir, ekki síst með tilliti til tímalengdar. ”Að jafnaði” getur verið nokkuð teygjanlegt og skapar réttaróvissu sé ekki kveðið skýrar að orði og ekki um frekari skilgreiningar að ræða í athugasemdum með frumvarpinu. Æskilegt er að lögin kveði skýrt á um hvað ”að jafnaði” þýðir m.a. með tilliti til tímalengdar.

F.h. Samiðnar, sambands iðnfélaga

Þorbjörn Guðmundsson